

85. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni haldinn í Stofu íslenskra fræða mánudaginn 16. apríl 2018 kl. 12:50.

Fundinn sátu Gunnar Þorgeirsson, Bryndís Ásta Böðvardsdóttir, Engilbert Olgeirsson, Eydís Indriðadóttir, Friðrik Sigurbjörnsson (í forföllum Söndru Dísar Hafþórsdóttur), Magnús Matthíasson, Sunneva Sól Árnadóttir, Sýlvía Ólafsdóttir, Halldór Páll Halldórsson og Áslaug Harðardóttir. Gestir: Ragnheiður Bjarnadóttir (fór af fundi eftir 2. dagskrárlíð) og Elín Jóna Traustadóttir.

Dagskrá:

1. Umsóknir í forvali
2. Ákvörðun um verðskrá herbergjaleigu, mötuneytis og annarrar gjaldsetningar
3. Kynning á náms- og kennsluumhverfi skólans sem og á upplýsingakerfi hans
4. Kynning á skólaskýrslu ársins 2017
5. Önnur mál

Gunnar setti fund og bauð fólk velkomið. Síðan var gengið til dagskrár.

1. Umsóknir í forvali

Halldór Páll fór gróflega yfir núverandi fjölda umsókna (10. bekkingar) inn í skólann fyrir næsta haust. Sem stendur hafa 46 nemendur sótt um ML í fyrsta vali. Nokkrar umræður spunnust um nýjan bókstafakvarða í grunnskólunum og vægi grunnskólaeinkunna við úrvinnslu umsóknanna.

2. Ákvörðun um verðskrá herbergjaleigu, mötuneytis og annarrar gjaldsetningar

Skólameistari fór yfir verðskrána fyrir haustönn 2017 og vorönn 2018. Samþykkt að hækka verðskrána fyrir mötuneyti, þvottahús og herbergjaleigu um 5%. Hækkunin tekur gildi frá og með haustönn 2018 og skal endurskoðast fyrir næstu áramót.

3. Kynning á náms- og kennsluumhverfi skólans sem og á upplýsingakerfi hans

Áslaug kynnti helstu þætti sem einkenna Innu (nemendaupplýsingakerfi) og sýndi nokkur dæmi um upplýsingar sem hægt er að kalla fram.

Elín Jóna kynnti Moodle, náms- og kennsluumhverfi sem skólinn notast við. Einnig sýndi hún það sem Office 365 hefur upp á bjóða, eins og til dæmis vefpóstinn, Onedrive, Office, Onenote og Forms. Vegna nýrra persónuverndarlaga vinnur Elín Jóna nú að því að skoða ýmis atriði sem þarf að bæta úr þannig að þau verði í góðu samræmi við ný lög.

4. Kynning á skólaskýrslu ársins 2017

Halldór Páll sýndi skólaskýrsluna og bað um að fá sendar ábendingar ef fundarmenn hafa þær.

5. Önnur mál

- a) Elín Jóna kynnti nýja heimasíðu ML sem er í smíðum. Stefnt er að því að heimasíðan verði tilbúin í haust. Elín Jóna lagði til að vefslóð að heimasíðunni yrði send Foreldraráði og skólanefnd til að fá ábendingar.
- b) Gunnar velti því upp hvort stytting náms til stúdentsprófs hefði verið árangursrík eða ekki og vísaði til fréttu í fjölmiðlum. Þar kom fram að álag á nemendur væri meira en í fjögurra ára kerfinu. Sunneva Sól tók undir að það væri heilmikil pressa í náminu. Nokkur umræða skapaðist um styttinguna.
- c) Skólameistari sagði frá því að skógarskýlið á Laugarvatni yrði formlega opnað 11. maí með miklum hátíðarhöldum.
- d) Halldór Páll sagði að ekki væri komin niðurstaða í ytra matið.
- e) Gunnar spurði um starfsmannamál fyrir næsta vetur og sagði skólameistari frá hvernig staðan er í þeim efnunum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15